

Múlaping  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 20. nóvember 2020  
UST202003-244/S.M.  
08.14.02

### Reglubundið eftirlit á urðunarstaðinn að Tjarnarlandi


Þann 23. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstaðinn að Tjarnarlandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllst,



Sigríður Magnúsdóttir



Gottskálk Friðgeirsson

Afrit:  
Heilbrigðisnefnd Austurlands

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Fljótsdalshérað Tjarnarland



Dags eftirlits	23.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Fljótsdalshérað	Eftirlitsmaður	
Heimili	Lyngási 12	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4810043220	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Freyr Ævarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Fljótsdalshéraðs að Tjarnarlandi. Ekkert frávik kom fram við eftirlit og engar ábendingar voru gerðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað Fljótsdalshéraðs að Tjarnarlandi og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Umhverfi og takmörkun aðgangs (gr. 2.1)
3. Varnir gegn foki úrgangsefna og frágangur urðunarreina (gr. 3.1, 4.3)
4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
5. Kynning á reglugerð nr. 674/2017 um aukaafurðir dýra
6. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Á urðunarstaðnum var urðað árið 2019 1864 tonn sem er vel innan heimilda í starfsleyfi. Lífrænn úrgangur fer nú að langmestu leyti í moltugerð á Reyðarfirði. Fram kom að magn úrgangs breytist aðeins milli ára og þegar aukning á sér stað eigi það helst rætur í einhverjum framkvæmdum á svæðinu. Tekið er við úrgangi á svæðinu frá Djúpavogshrepp, Seyðisfjarðarkaupstað og Fljótsdalshéraði, þ.e. stærstum hluta nýsameinaðs sveitarfélags á Austurlandi.

Rætt var um girðingar og hlið á svæðinu. Girðing er umhverfis urðunarstaðinn og er henni haldið við af ábúanda á Tjarnarlandi sem einnig sér um urðun á urðunarstaðnum. Hlið er alltaf læst nema vinna sé í gangi. Þá er urðunarstaðurinn ekki í alfaraleið og mjög nálægt íbúðarhúsum á Tjarnarlandi og því ekkert um ólöglega losun eða óviðkomandi aðgang á urðunarstaðinn.

Farið var yfir verklag um varnir gegn foki úrgangsefna. Það verklag er viðhaft á urðunarstaðnum að ganga vel frá hverri urðunarrein til að koma í veg fyrir rót og fok sem og að ekki er tekið á móti úrgangi ef vindstyrkur ef of mikill og hætta á fjúki. Verktaki sinnir jafnframt tínslu úrgangsefna skyldi verða fok. Kynnt var áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Farið var yfir niðurstöður áhættumats síðasta árs en þá flokkaðist urðunarstaðurinn í áhættuflokk B sem gerir eitt eftirlit á ári. Rætt var um að þá liði sem rekstraraðili gæti lagað og bætt þar með stigafjölda í áhættumatinu. Bætt hefur verið úr skráningum sem var frávik síðasta árs og telst því frávik þvi lokið. Þá var rætt um að rekstraraðili gerði verklýsingar fyrir urðunarstaðinn.

Eftirlitsmaður kynnti stuttlega reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir ekki ætlaðar til mannelis. Rætt var um stöðu þessara mála í héraðinu og úrræði almennt.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Hlið var lokað og læst, gott skipulag á urðunarstaðnum og allt mjög snyrtilegt. Ekki var því tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.11.2020

Sigríður Magnúsdóttir